



HRUNAMANNAHREPPUR

25. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

12. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2023, þann 15. júní kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Arna Þöll Sigmundsdóttir í forföllum Alexöndru Rósar Jóhannesdóttur. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar bar oddviti upp dagskrárbreytingatillögu um að við bætist eftirfarandi mál :

Liður 3. Fundargerð 4. fundar Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar frá 7. júní 2023.
Liður 21. Fundargerð „Verðkönnun- vatnsveita að iðnaðarsvæði“ frá 15. júní 2023.

Tölusetning annarra liða breytist til samræmis við þetta.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Umhverfisnefnd: Fundargerð 5. fundar frá 14. maí sl.

Lögð fram fundargerð 5. fundar Umhverfisnefndar.

Sveitarstjórn tekur undir þær vangaveltur sem fram koma varðandi rusladaginn og telur rétt að skoða betur fyrirkomulagið og aðkomu nefndarinnar að rusladeginum. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

2. Veitustjórn: Fundargerð 7. fundar frá 8. júní sl.

Lögð fram fundargerð 7. fundar Veitustjórnar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Atvinnu-, ferða og menningarnefnd: Fundargerð 4. fundar frá 7. júní sl.

Lögð fram fundargerð 4. fundar Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar.

Sveitarstjórn fagnar þeim fjölbreyttu viðburðum sem sem nefndin kynnir í fundargerðinni. Páskaeggjaleitin var vel lukkuð, 17. júní hátíðahöldin eru vel skipulögð, Flúðir um versló eru framundan sem og Uppskerudagurinn í byrjun september. Sveitarstjóra falið að ræða við formann nefndarinnar og ferðamálafulltrúa um uppskeruhátíðina. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

4. Bergrisinn bs.: Fundargerð 56. stjórnarfundar frá 15. maí sl. ásamt ársreikningi 2022 og starfsreglum þjónusturáðs Bergrisans bs.

Lögð fram fundargerð 56. stjórnarfundar Bergrisans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. **Bergrisinn bs.: Fundargerð 57. stjórnarfundar frá 19. maí sl.**

Lögð fram fundargerð 57. stjórnarfundar Bergrisans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. **Bergrisinn bs.: Fundargerð 58. stjórnarfundar frá 23. maí sl.**

Lögð fram fundargerð 58. stjórnarfundar Bergrisans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. **Arnardrangur hses.: Fundargerð 5. stjórnarfundar frá 18. apríl sl.**

Lögð fram fundargerð 5. stjórnarfundar Arnardrangs hses.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. **Arnardrangur hses.: Fundargerð 6. stjórnarfundar frá 15. maí sl.**

Lögð fram fundargerð 6. stjórnarfundar Arnardrangs hses.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

9. **Almannavarnir Árnessýslu: Fundargerð 2. fundar frá 2. júní sl.**

Lögð fram fundargerð 2. fundar Almannavarnarnefndar Árnessýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

10. **Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 8. fundar stjórnar frá 25. maí sl.**

Lögð fram fundargerð 8. fundar Brunavarna Árnessýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

11. **Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 6. fundar stjórnar frá 30. maí sl.**

Lögð fram fundargerð 6. fundar Byggðasafns Árnesinga.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

12. **SASS: Fundargerð 596. fundar stjórnar frá 2. júní sl.**

Lögð fram fundargerð 596. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

13. **Bréf frá Samgöngunefnd SASS frá 5. júní 2023.**

Lagt fram bréf frá Samgöngunefnd SASS þar sem óskað er eftir svörum við spurningum frá nefndinni sem liður í undirbúningi við gerð uppfærðrar samgönguáætlunar fyrir 2023-2032.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til umhverfisnefndar sem skili álit til sveitarstjórnar fyrir fyrri fund sveitarstjórnar í ágúst.

14. **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 5. júní 2023.**

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem tilkynnt er um niðurstöðu atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna FOSS sem starfa á leikskóla hjá Hrunamannahreppi um verkföll.

Lagt fram til kynningar en samningar hafa tekist milli aðila og ef þeir verða samþykktir í þeirri atkvæðagreiðslu sem nú stendur yfir verður öllum áformum um frekari verkföll aflýst.

15. Bréf frá Háskólafélagi Suðurlands frá 6. júní 2023.

Lagt fram bréf frá Háskólafélagi Suðurlands þar sem beðið er um styrk fyrir Vísinda- og rannsóknarsjóð Suðurlands. Sjóðurinn hefur það markmið að veita styrki sem ætlaðir eru námsfólki sem vinnur að rannsóknarverkefnum til lokaprófs á háskólastigi. Verkefni skulu tengjast Suðurlandi og þjóna ótvíræðum atvinnu- og/eða fræðilegum tilgangi fyrir landshlutann eða hluta hans.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið. Sveitarstjóra falið að kanna upphæðir sem önnur sveitarfélög setja í verkefnið.

16. Bréf frá Jafningjafræðslu Suðurlands frá 12. júní 2023.

Lagt fram bréf frá Jafningjafræðslu Suðurlands þar sem óskað er eftir að fá að heimsækja vinnuskóla sveitarfélaga í sumar og í haust nemendur á unglíngastigi grunnskólans.

Sveitarstjórn fagnar þessu verkefni og býður fulltrúa Jafningjafræðslunnar velkomna til að hitta nemendur á elsta stigi Flúðaskóla í haust. Þar sem enginn vinnuskóli er í Hrunamannahreppi þá fellur sú beiðni um sjálfa sig.

17. Minnisblað frá sveitarstjóra Bláskógabyggðar varðandi byggðaþróunarfulltrúa frá 23. maí 2023.

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra Bláskógabyggðar varðandi byggðaþróunarfulltrúa, áður á dagskrá sveitarstjórnar þann 8. júní 2023 en þar var málinu vísað til Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd sem tók jákvætt í það að aukið verði við byggðaþróunarvinnu á svæðinu og hvatti nefndin sveitarstjórn til að taka jákvætt í erindið.

Sveitarstjórn samþykkir að framlengja ráðningartíma ferðamálafulltrúa til 31. desember m.v. 80% starfshlutfall. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að taka þátt í verkefni sem varðar nýja stöðu byggðaþróunarfulltrúa fyrir Uppsveitir Árnessýslu í gegnum samstarfssamning við SASS, sem byggir á samningi SASS við Byggðastofnun. Framlag SASS næmi um 7.500.000 kr miðað við heilt almanaksár. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að auglýst verði eftir starfsmanni í 100% starf, og undir það heyri, auk skilgreindra verkefna byggðaþróunarfulltrúa, ferða- og kynningarmál, eftirfylgni með atvinnustefnu, auk mála sem tengjast fjölmenningu. Bláskógabyggð verði leiðandi sveitarfélag og gerður verði samningur milli sveitarfélaganna um verkefnið. Um er að ræða sveitarfélögin Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Kostnaður sveitarfélaganna, umfram framlög SASS, skiptist í jöfnum hlutföllum á milli sveitarfélaganna fjögurra. Sveitarstjóri Bláskógabyggðar og formaður oddvitaneftndar munu sjá um ráðningarferlið. Áætlaður kostnaður sveitarfélaganna á árinu 2023 er á bilinu 1.800.000 til 2.300.000 og ræðst m.a. af því hvenær nýr starfsmaður gæti hafið störf. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun vegna hlutdeildar Hrunamannahrepps í þeim kostnaði.

18. Minnisblað frá sveitarstjóra varðandi lóðir við Birki-, Reyni- og Víðihlíð frá 13. júní 2023.

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra þar sem fjallað er um mögulegar breytingar á deilisskipulag lóðanna við Birki-, Reyni- og Víðihlíð.

Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að vinna að þeim breytingum á deilisskipulagi sem ræddar voru á fundinum í samráði við sveitarstjóra en breytingarnar miða allar að því að lóðirnar í hverfinu verði enn fýsilegri til uppbyggingar þrátt fyrir að þær breytingar sem ræddar voru séu minniháttar í flestum tilfellum. Sveitarstjórn leggur ríka áherslu á að deilisskipulag henti uppbyggingunni á reitnum sem best sem og þeirri starfsemi og byggð sem þarna er fyrir.

19. Umsagnarbeiðni frá Sýslumanni, rekstrarleyfi.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Sonus viðburða ehf. um breytingu á gildandi rekstrarleyfi til sölu gistingar eða veitingu veitinga - Breyting á afgreiðslutíma áfengis.

Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að breyting á rekstrarleyfi verði veitt og óskar eftir afriti af leyfinu.

20. Umsagnarbeiðni frá Sýslumanni, rekstrarleyfi.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Fannborgar ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV, A Hótel, D Gistiskáli.

Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að rekstrarleyfið verði veitt og óskar eftir afriti af leyfinu.

21. Beiðni um að fallið sé frá forkaupsrétti.

Lögð fram beiðni frá Kristni Tómassyni fasteignasala um að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að Ásabyggð 31.

Sveitarstjórn samþykkir að fallið sé frá forkaupsrétti að Ásabyggð 31, fastanúmer 220-41392.

22. „Verðkönnun - vatnsveita að iðnaðarsvæði“ frá 15. júní 2023.

Lögð fram fundargerð opunar verðkönnunar frá 15. júní s.l. vegna lagningar vatnsveitu að iðnaðarsvæði og Byggð á bríkum.

Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda í verkið en tilboðsupphæðin nemur um 67% af kostnaðaráætlun Eflu verkfræðistofu. Niðurstöðunni er einnig vísað til veitustjórnar til upplýsingar. Fjármögnun vísað til gerðar viðauka sem verður lagður fram á næsta fundi sveitarstjórnar.

23. Boð á aðalfund Eignarhaldsfélags Suðurlands hf. sem fram fer mánudaginn 26. júní nk.

Lagt fram boð á aðalfund Eignarhaldsfélags Suðurlands hf. sem fram fer mánudaginn 26. júní nk.

Lagt fram til kynningar.

Verfundargerðir:

24. Byggð á Bríkum: Verfundargerð 8. fundar.

Fundargerðin samþykkt.

25. Byggð á Bríkum: Verfundargerð 9. fundar.

Fundargerðin samþykkt.

26. Kópsvatn-Garðastígur: Verfundargerð 16. fundar.

Fundargerðin samþykkt.

27. Kópsvatn-Garðastígur: Verfundargerð 17. fundar - Lokaúttekt.

Fundargerðin samþykkt.

Mál til kynningar:

a. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 927. fundar stjórnar frá 26.05. sl.

Lagt fram til kynningar.

b. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 928. fundar stjórnar frá 02.06 sl.

Lagt fram til kynningar.

- c. **Bréf frá Jóni, Kristínu, Ívari og Lilju þar sem gerðar eru athugasemdir við minnisblað sambandsins um réttarstöðu sveitarfélags vegna ágangs búfjárs.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:02